



SKÓLA- OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ Á ÞÓRSHÖFN

Heildarendurskoðun deiliskipulags

Skipulagslýsing



SKIPULAGSLÝSING

Skiplagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Langanesbyggðar. Lýsingin gerir grein fyrir heildarendurskoðun á deiliskipulagi reitsins.

Í lýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli skv. skipulagslagögum nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ

Nýju skipulagi er ætlað að falla vel að núverandi byggðarmynstri en skapa um leið framtíðarsýn varðandi jákvæða og skynsamlega uppbyggingu reitsins til lengri tíma. Helstu viðfangsefni í deiliskipulaginu eru:

- Fyrirhuguð uppbygging á nýju húsnæði fyrir Grunnskólann á Þórshöfn þar sem ákvarðanir eru teknar m.a. varðandi byggingarreiti og hámarks byggingarmagn.
- Taka ákvarðanir varðandi eldri byggingar skólans varðandi niðurrif, flutning, viðgerðir og eða nýtt hlutverk bygginga.
- Ákvarða m.a. staðsetningu stíga, leiksvæða, bílastæða, grænna svæða og aðkomuleiða til og frá skipulagssvæðinu.

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skiplagssvæðið er 3,76 hektarar. Norðurmörk liggja að íbúahverfi við Pálmholt og óbyggðu svæði. Austurmörkin liggja við austurmörk íþróttasvæðis að óbyggðu svæði, suðurmörkin liggja við íbúabyggð við Austurveg og Langanesveg. Vesturmörk skipulagssvæðisins liggja að gangstétt meðfram Langanesvegi.

Innan skipulagssvæðis er Grunnskólinn á Þórshöfn, Íþróttamiðstöðin Ver, Félagsheimilið Þórsver, íþróttavöllur, sparkvöllur ásamt núverandi bílastæðum, göngustígum, leiksvæðum og opnum grænum svæðum.

NÚVERANDI SKIPULAG

Skiplagssvæðið er á skilgreindu svæði ætlað þjónustustofnunum í Aðalskiplagi Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir „stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðamiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila“.

Í gildi er deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið frá 17. júlí 2015 en með þessari heildarendurskoðun kemur það skipulag til með að falla úr gildi. Nýtt deiliskiplag gerir ráð fyrir lítilsháttar breytingum á skipulagsmörkum til að falla betur við aðliggjandi lóðamörk og götur.



Skóla og íþróttamiðstöð. Núgildandi deiliskipulag, tók gildi 17. júní 2015
Skiplagsuppráttur 1:2000

Afmörkun skipulagssvæðis 3,76 ha

ÍSNET93 kortagrunnur Langanesbyggðar
Lofmynd: Loftmyndir ehf



Aðalskiplag Langanesbyggð 2007-2027 (m.s.br.)
Þéttbýlisuppráttur 1:10.000

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif skipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt mun fara fram fornleifaskráning innan skipulagssvæðisins. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ÁBENDINGAR OG UMSAGNIR

Skiplagsgögnin eru aðgengileg á heimasíðu Langanesbyggðar, á skrifstofu sveitarfélagsins og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmerinum xxx/2025. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu.

Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum frá almenningi og umsagnaraðilum. Þeim er hægt að koma á framfæri á skipulagsgáttinni undir fyrnefndu málsnúmeri. Einnig er hægt að senda ábendingar á Langanesbyggð, Langanesvegur 2, 680 Þórshöfn eða á netfangið bjorn@langanesbyggd.is

Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Skóla- og íþróttamiðstöð - skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Ábendingar verða hafðar til hlíðsjónar í skipulagsvinnunni en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

SKIPULAGSFERILL

Skiplagsdrög verða kynnt á íbúafundi og síðar fullninn tillaga sem auglýst verður skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulags- og umhverfisnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulags- og umhverfisnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykta tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, september 2025, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Skipulagsdrög kynnt á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, október/nóvember 2025
- Tillaga auglýst í janúar 2026, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins í mars 2026.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



LANGANESBYGGÐ

SKÓLA- OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ Á ÞÓRSHÖFN

Deiliskipulag, heildarendurskoðun

Skiplagslýsing

KVARDI	A1 1:1000	DAGS.	28. ágúst 2025	SKIPULAG: ABÓ
VERKNR.	LBDS-2501	TEIKN nr.	1	TEIKNAÐ: ABÓ
				Br.